

Nr. 56.
26. okt.

Lög

um

breyting á lögum um fasteignamat, nr. 22, 3. nóvember 1915.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

9. grein laganna orðist þannig:

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða og jarðarhúsa jafngilda einu hundraði á landsvísu. Þó er undan skilið ábúðarskatti:

1. Umbætur, aðrar en á húsum, og mannvirki síðustu 10 ára, sem metin eru sjer.
2. Verð jarðarhúsa, sem kann að fara fram úr helmingi af matsverði jarðarinnar, án umbóta og mannvirkja, sem sjer eru metin.
3. Hús þau, sem á jörðu standa og eru annara eign en jarðeiganda.

Húsaskattur af skattskyldum húsum skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirra lóða og lóðarjettinda, er hverri húseign fylgir.

2. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Hver, sem skipaður er í fasteignamatsnefnd eða yfirmatsnefnd, skal vinna eið að starfi sínu. Fasteignamatsmenn og yfirmatsmenn fái í fæðispeninga og ferðakostnað frá 1. janúar 1917 7 krónur hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum, auk endurgjalds á kostnaði við sendiferðir, símanot og ritföng í þarfir nefndarinnar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Eggerz.